



Úthlutaðir styrkir

UPPBYGGINGARSJÓÐUR SUÐURLANDS
vorúthlutun 2025



www.sass.is/uppbyggingarsjodur



@UppbyggingarsjodurSudurlands



@uppbyggingarsjodur



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



ATVINNUÞRÓUN & NÝSKÖPUN

(steam) Blast the Bast

Grænalaut nýsköpun ehf

2.500.000 kr.

(steam) Blast the Bast is a research and development project exploring the use of geothermal-powered steam explosion technology to extract bast fibers from Icelandic plants like lupine, hemp, and flax for a variety textile applications.

Markaðssókn Midbiks 2.0

Midbik ehf

2.500.000 kr.

- Fagleg greining markaðar á landsvísu. Ýtarleg kynning á umhverfsvænni framleiðslu fyrirtækisins.
- Auglýsingar í útvarpi/útvarpsviðtal, sjónvarpi/t.d Landinn, samfélagsmiðlar o.s.frv.
- Uppfærsla vefsíðu, vefverslun. Athugun með umhverfsvottun

Sjávarfallahverfill

Valorka ehf

2.500.000 kr.

Valorka ehf þróar nýja gerð hverfils til nýtingar á sjávarfallaorku, sem er umfangsmikil ónýtt orkuauðlind; hér við land og víða um heim. Valorka er eini þróunaraðilinn hérlendis á þessu sviði, en víða um heim er slík þróun í gangi. Þessi nýi hverfill Valorku er léttur og einfaldur og fær um að safna orku hægra strauma af stóru svæði. Þróun og prófanir hverfilsins munu fara fram á Suðurlandi.

Melatónínmjólk

Fjölskyldubúið ehf

1.500.000 kr.

Fjölskyldubúið vill framleiða kúamjólk með auknu melatónín innihaldi og þróa og staðla aðferðir til að mæla melatónín styrk í kúamjólk. Melatónínmjólk er áhugaverð heilsueflandi fæða, sem hugsanlega getur dregið úr notkun lyfja og neyslu sætinda sem innihalda melatónín fyrir svefn.

SérBer

Kvistabær ehf

1.200.000 kr.

Kvistabær ræðst í úvíkkun starfseminnar og hefur ræktun berjategunda sem ekki hafa verið ræktaðar í atvinnuskyni á Íslandi í nokkur ár. Útvíkkunin er hrein viðbót við núverandi skógarplöntuframleiðslu. Með tilkomu berjaræktunar eflist atvinnulíf á suðurlandi og má gera ráð fyrir nokkrum nýjum heilsárstörfum hjá Kvistabæ strax á fyrsta ári og til framtíðar.

Gagnvirk þrívíddarmiðlun Stafafelli

Megin ehf

1.200.000 kr.

Gagnvirkni þrívíddarmiðlun Stafafelli er ætlað að vera í bæði til skemmtunar og upplýsingamiðlunar fyrir göngufólk. Grunnurinn fræðir um sögu, náttúru og útivist. Hægt er að velja sér gönguleiðir út frá heildrænni miðlun upplýsinga. Með þessari nálgun næst að virða þómörkl svæðisins með því að dreifa umferð. Þannig auðveldar gagnvirk þrívíddarmiðlun landvörsslu og tryggir öryggi í hrjóstugu fjalllendi. Ásamt því að draga fram fjölbreytileika svæðis og stórkostlegan þverskurð af náttúru Íslands.



ATVINNUÞRÓUN & NÝSKÖPUN

Mjaðveig - fornar hefðir og nýjar í nýtingu mjaðjurtar

Góðir dagar ehf

1.200.000 kr.

Verkefnið „Mjaðveig - fornar hefðir og nýjar í nýtingu mjaðjurtar“ er nýsköpunarverkefni þar sem finna á leiðir til að nýta plöntuna Mjaðjurt á sjálfbæran hátt og vinna úr henni hráefni sem verður undirstöðuhráefni í framleiðslu á gæðamatvælum. Í verkefninu verða þróaðar framleiðsluaðferðir og gerð tilraunaframleiðsla á sýrópi og víni en einnig skoða möguleika á framleiðslu á sultu, cider, bæði áfengum og óáfengum og e.t.v. endurvekja gamlar hefðir með því að framleiða mjöð.

Þróun heilsudrykkja úr gerjuðum birkisafa

Sorti ehf

1.200.000 kr.

Þróun heilsudrykkja úr gerjuðum birkisafa.

Grænmetis- Sorbet úr íslensku grænmeti og jurtum

Sólskins Grænmeti ehf

1.000.000 kr.

Verkefnið felur í sér að þróa bragðgóða matvöru úr grænmeti sem fellur til við ræktun í garðyrkjustöðvum í Hrunamannahreppi. Við viljum framleiða sorbet-ís til sölu í Sólskinsbúðinni þar sem uppistaða hráefna er íslenskt grænmeti..

Visit Vikings - Þjóðveldisbær

Iceland inn travel ehf.

1.000.000 kr.

Visit Vikings -Þjóðveldisbærinn er uppbyggingarverkefni sem snýr að því að þróa nýja vöru og þjónustu, sem hefur það markmið að gera hann að einum af þeim fjölmörgu ferðamannaseglum á Gullna hringnum. Unnið verður að markaðsstarfi samhliða nauðsynlegri innviðaupbyggingu sem felst meðal annars í því að byggja þjónustuhúsnæði á svæðinu en partur af því er að klára skipulagsmál. Þetta er gríðarlega kostnaðarsamt verkefni og þessi umsókn fyrsti liður í þeirri vegferð.

Hvetjandi heimur hvað

Ágústa Arnardóttir

500.000 kr.

"Hvetjandi heimur Hvað" stuðlar að valdeflingu, velferð og vellíðan barna og unglunga, og eflir nauðsynlega lífsfærni þeirra í gegnum leik og sköpun.

**MENNING****50 ára afmæli Sumartónleika í Skálholti****Sumartónleikar Skálholtskirkju****1.500.000 kr.**

Sumartónleikarnir í Skálholti halda upp á 50 ára afmæli, með lengri hátíð, fjölbreyttri dagskrá fyrir fjölskyldur og börn og heimsfrægum tónlistarflytjendum úr heimi barokktónlistarinnar.

Kammerkórinn í Dresden, Jean Rondeau, Herdís Anna Jónasdóttir, og fleiri frábærir flytjendur koma í Skálholt og fagna með tónleikagestum.

Enn sem áður verða allir viðburðir gjaldfrjálsir.

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands 2025**Sinfóníuhljómsveit Suðurlands ehf****1.000.000 kr.**

Sinfóníuhljómsveit Suðurlands heldur jólatónleika í Selfosskirkju laugardaginn 29. nóvember.

Á tónleikunum koma m.a. fram Barna- og unglíngakór Selfosskirkju, Valgerður Guðnadóttir sópran og Jóhann G. Jóhannsson leikari, auk nemenda úr Tónlistarskólum á Suðurlandi.

Efnisskrá tónleikanna verður miðuð að börnum, ungmennum og fjölskyldum þeirra.

ÞRIGGJA VETRA**Hlynur Pálmason****900.000 kr.**

ÞRIGGJA VETRA er kvikmyndaverk sem er tekið upp á þremur árum og segir frá málara sem er í því ferli að mála sitt hingað til stæðsta olíu málverk úti í náttúrunni.

Öll sem eitt - skólatónleikar 2025**Sinfóníuhljómsveit Suðurlands****850.000 kr.**

“Öll sem eitt” er yfirheiti skólatónleika Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands og vísar til efnisskrár tónleikanna þar sem þemað verður mikilvægi vináttu, kærleika, samkenndar og fjölbreytileika. Haldnir verða sex tónleikar á sex stöðum í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Miðlun á menningararfi. Njálurefill, sögusýning**Njálurefill ses.****800.000 kr.**

Njála við hringveginn. Þekkingaröflun fyrir fjölbreytta miðlun á menningararfi í tengslum við sýningu Njálurefilsins, sögusýningar á Hvolsvelli. Undirbúningur að frumhönnun og framsetningu á vörulínu minjagripa sem tengjast Njálu og söguviði hennar.

Burning Bridges: A Vigil for a Vanished River**Eva Bjarnadóttir****800.000 kr.**

Burning Bridges, sólarhrings vaka undir Skeiðarárbrú, er gjörningur sem fjallar um áhrif loftslagsbreytinga, minningar, missi og strit forfeðrana í baráttunni við náttúruöflin.

JöklaBlámi - þverfagleg vinnustofa og sýning**Þorvarður Árnason****800.000 kr.**

Verkefnið JöklaBlámi leitast við að brúa bilið á milli vísinda og lista, sem og hins staðbundna og hins hnattræna, með vísan til áhrifa loftslagsbreytinga á náttúru, byggð og atvinnulíf á Hornafirði. Verkefnið felst í senn í hönnun og framkvæmd þverfaglegrar vinnustofa og í uppsetningu sýningar sem er sjálfstætt verksins Blámi sem upphaflega var sett upp í Svavarssafni á Höfn árið 2023. Það leitast einnig við að tengja hornafirskt listafólk við alþjóðlegt listastarf og öfugt.



MENNING

Þúfugarðar 2025 (vinnutitill)

Ólafur Sveinn Gíslason

700.000 kr.

Myndlistarverk í formi Kvikmynda- og ljósmynda sem unnið er út frá ábúendum Þúfugarða í Flóahreppi. Atvinnuleikarar leika fjölskyldumeðlimi með fjölskyldunni, athafnir einstakra fjölskyldumeðlima verða sviðsettar inn í skúlptúr rýmum, allt á sér stað á heimilinu/vinnustofunni/landinu á Þúfugörðum og sýnt við staðbundnar aðstæður Þúfugarða.

Óður til Ljóðsins

Einar Þór Guðmundsson

700.000 kr.

"Óður til Ljóðsins" er uppkomandi tónleikaröð þar sem klassíska ljóðformið kemur aftur til lífsins. Tónlist og ljóð renna saman í magnaðri upplifun sem hrífur bæði hjarta og huga. Nýtt líf er gefið gömlum orðum með kraftmiklum flutningi og djúpri túlkun.

Vetrartónar

Stokkseyrakirkja

600.000 kr.

Tónleikaröðin Vetrartónar í Stokkseyrarkirkju er ný tónleikaröð sem hóf göngu sína síðasta haust og hefur þegar skapað sér mikilvægan sess í menningarlífi byggðarlagsins. Tónleikarnir eru fjölbreyttir en sérstök áhersla er lögð á hinn merka tónlistararf strandarinnar. Listrænn stjórnandi er Eyjólfur Eyjólfsson menningarbóndi í Roðgúl á Stokkseyri.

Einkasýning Finnboga Péturssonar

Listasafn Árnesinga

600.000 kr.

Þann 13. september 2025 opnar einkasýning með nýjum verkum Finnboga Péturssonar. Finnbogi er myndlistarmaður sem notar rafhljóð til að skapa listaverk; innsetningar og skúlptúra. Finnbogi Pétursson var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum árið 2001. Sýningarstjóri er Paulina Kuhn.

Kvikmyndatónsmíðar á Suðurlandi

Kristín Björk Kristjánsdóttir

600.000 kr.

Tónsmíðar fyrir kvikmynd sem gerð er á Stokkseyri, þar sem tónlistin er undirstaðan og það sem allt annað byggist á. Boðið verður upp á tónleika á meðan á sköpunarferlinu stendur, í baðstofu torfbæjarins Garðshúsum þar sem húsfreyjan hefur nýverið tekið við sögufrægu píanói að gjöf frá Hilmarí Erni Hilmarssyni, kvikmyndatónskáldi og Allsherjargoða en hljóðfærið tilheyrði upphaflega Páli Ísólfssyni ("Brennið þið vitar.")

Englar og menn - tónlistarhátíð Strandarkirkju 2025

Englar og menn ehf

600.000 kr.

Englar og menn - tónlistarhátíð Strandarkirkju 2025 stendur yfir alla sunnudaga í júlímánuði. Fram koma fjölmargir þjóðþekktir tónlistarmenn á um klukkustundarlöngum tónleikum sem hefjast kl. 14.

**MENNING****Playing into belonging****Jón Ágúst Guðjónsson****550.000 kr.**

Playing into belonging is a series of playful meetings in Öraefi and Höfn offering a safe and joyful encounter and creative cooperation of new Icelanders and the local citizens. Beyond language and cultural barriers via embodied expression and interchange we can deepen the relations and empower each other. Feeling of belonging and being recognized for our input leads to more agency and diverse contribution to dynamic and resilient society.

Leiksýning í Aratungu**Aðalheiður Helgadóttir****500.000 kr.**

Leikdeild Umf. Biskupstungna setur upp gamanleikrit í fullri lengd í Aratungu, frumsýnt í október 2025.

Fjölbreytileikinn - tónlistarhátíð í Vík**Harpa Elín Haraldsdóttir****500.000 kr.**

Fjölbreytileikinn verður metnaðarfull tónlistarhátíð sem leiðir saman listafólk á svæðinu og frægari nöfn í tónlistarheiminum. Það er mikilvægt að tengja listafólk á svæðinu og gefa þeim vettvangt til listsköpunar. Þá er það mikilvægt fyrir vaxandi samfélag að tækifæri séu til að koma saman á viðburðum sem þessum. Listræn stjórnun mun miða að því að tónlistarstefnur og fluttningar verði fjölbreyttur, í takt við samfélagið í Mýrdalshreppi.

Magn Tímafars - Power of Passage, hátíð tímatengdra verka**Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir****500.000 kr.**

Magn tímafars - Power of Passage : An International Performance Festival er árlegur vettvangur fyrir gjörninga og tímatengda myndlist sem hleypt var af stokkunum í september 2022 og mun hér eftir fara fram um síðustu helgi júnímánaðar ár hvert.

Hátíðinni er ætlað að vera hreyfiafl innan innlendrar og alþjóðlegrar myndlistarsenu sem hvetur til sköpunar og miðlunar á framsækinni myndlist; er í senn uppspretta nýrra verka og óvæntra tilrauna af hálfu innlendra og erlendra listamanna í fremstu röð.

Dínamiókt jafnvægi**Þorbjörg Arnórsdóttir****500.000 kr.**

Verkefnið er myndlistarsýning sem skoðar tengsl náttúru, samfélags og umhverfis. Leitast er við að skapa upplifun sem dregur fram umbreytingarmátt listarinnar og áhrif hennar á samfélagið. Sýningin stuðlar að menningarlegri fjölbreytni á Suðurlandi og eflir samtál um tengsl manns og umhverfis.

Einstök nálgun Þórbergs Þórðarsona á líf og list er áhrifavaldurinn. Leitast er við að miðla anda hans til samfélagsins með verkum sem endurspeglar frumleika, gagnrýni og víðsýni, líkt og Þórbergur gerði.

Echoes of Ice**Alice Jadwiga Sowa****500.000 kr.**

The exhibition ECHOES OF ICE, inspired by and in recognition of the UN's 2025 International Year of Glaciers' Preservation, invites artists, scientists, and creatives to showcase expressions of Iceland's glaciers through past, present, and future lenses. This international exhibition, to be held in Skaftafell National Park throughout the summer of 2025, reflects on glacial transformation and environmental change through diverse media.



MENNING

Suðurlandsdjazz 2025

Tónræktin ehf

500.000 kr.

Boðið verður upp á endurgjaldslausu djasstónleika utandyra á Suðurlandi allar helgar frá 14. júní til 26. ágúst þar sem einvala lið tónlistarfólks kemur fram. Tónleikarnir eru haldnir um miðjan daginn svo allir aldurshópar ættu að geta notið skemmtunarinnar.

Hleðsluskólinn og Torfdagurinn

Íslenski bærinn ehf

500.000 kr.

Ræktun handverks á násmkeiðum, vinnustofum og samráðsvettvangi um hleðslutækni fyrir áhugafólk af öllum aldri. Handverksarfar sem er að mörgu leiti einstakur á heimsvísu með rætur sem liggja meira en 5000 ár aftur í tímann. Þessi námskeið eru jafnframt liður í björgun, viðhaldi, endurbyggingu og skilningi ómetanlegra menningarverðmæta sem bera vitni um ríkann og einstakan innlendan byggingararf.

Opin vinnustofa, innsýn í vinnuferli

Erna Elínbjörg Láru Skúladóttir

500.000 kr.

Opin vinnustofa - Sýning, Erna Elínbjörg Skúladóttir og Sonja Margrét Ólafsdóttir bjóða gestum inná vinnustofu hjá sér

Moraton

Jóhann Morávek

500.000 kr.

Tónleikaröð til að efla tónlistarvitund til aukningar á tónlistarnámi og listsköpunar í samfélaginu.

Það sem við skiljum ekki lengur

Guðrún Arndís Tryggvadóttir

500.000 kr.

Það sem við skiljum ekki lengur - er list og myndmál 18. aldar óskiljanlegt bull fyrir okkur eða eru skilaboðin í raun alltaf þau sömu?

"Heima í stofu" - Stofutónleikaröð á Eyrarbakka

MX ehf

500.000 kr.

"Heima í stofu" er hlýleg hauststofutónleikaröð í heimahúsi á Eyrarbakka. Tónlistarkonan Marína Ósk og viðburðahaldarinn Martin L. Sørensen bjóða þekktum íslenskum söngvaskáldum heim í stofu til tónleika og sögustundar. Gestir mega búast við hlýlegum og heimilislegum stofutónleikum og mikilli nánd við listafólkið.

BIO-BASED FUTURES

Patricia Lemos Valcarcel

500.000 kr.

Verkefnið Bio-Based Futures er samstarf listamannanna LEMOS + LEHMANN, búsettra á Hvolsvelli. Þau hafa verið valin til að taka þátt í verkefni þar sem þau læra að safna og búa til lífræn efni til nota í list, hönnun og nýsköpun. Með áherslu á endurvinnslu úrgangs frá fyrirtækjum styður verkefnið hringrásarhagkerfi og eflir staðbundna efnisþróun. Því lýkur með lokasýningu á Suðurlandi, sem eykur umhverfisvitund og stuðlar að nýrri þekkingu sem nýtist listamönnum á svæðinu.



MENNING

Fjölbreytt menningarlíf; sýning Þjóðleiðir í Skaftárhreppi **Katrín Gunnarsson** **500.000 kr.**

Sýningin Þjóðleiðir í Skaftárhreppi kynnir í máli og myndum fornar ferðaleiðir og ferðahætti í Skaftárhreppi. Hún mun varpar ljósi á þéttfið net gömlu þjóðleiðanna eins og þær liggja um hreppinn ásamt því að kynna endurheimt þeirra sem nýrra útivistarleiða.

Brimrót, samvinna í menningarstarfsemi á Suðurlandi **Pétur Már Guðmundsson** **450.000 kr.**

Brimrót hefur verið þakklátur þátttakandi í menningarstarfi í Sveitarfélaginu Árborg. Samvinna og tenging við fleiri aðila í menningarstarfsemi í fjórðungnum hjálpar til við að búa til enn blómlegri menningarviðburði. Upplestrar, námskeið, markaðir og hátíðir verða til í samvinnu til heilla fyrir nærsamfélagið.

Gleðistundir á Kvoslæk 2025 **Björn Bjarnason** **400.000 kr.**

Sumarstarfið að Kvoslæk 2025 nær til fimm viðurða, þrjú listamenn kynna verk sín, myndlistarmaður, ljóðskáld og myndhöggvari. Kynnt verður ný þýðing Rutar Ingólfsdóttur á Vesalingunum eftir Victor Hugo í tali og tónum. Fluttur verður Mendelsohn oktettinn og Sjöstrengjaljóð eftir Jón Ásgeirsson.

Barnameningardagur í Skálholti **Herdís Friðriksdóttir** **400.000 kr.**

Barnameningardagur í Skálholti er dagur þar sem börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra koma í Skálholt og njóta skemmtilegrar dagskrár þar sem lögð er áhersla á að kynna menningu, tónlist og sögu á áhugaverðan hátt. Fornleifaskóli barnanna, langspilsvinnusmiðja, leiðsögn með Úlfi og Eddu, óskalögin við orgelið, kyrrðarstund og vöfflukaffi er meðal þess sem boðið verður uppá. Þátttakendur munu kynnast sögu Skálholtsstaðar og þjóðararfi Íslendinga. Dagskráin verður öllum opin og ókeypis.

Hátíðartónleikar á Skálholtshátíð 2025 **Jón Bjarnason** **400.000 kr.**

Hátíðartónleikar á Skálholtshátíð 2025

Laugardaginn 19. júlí klukkan 16:00

Skálholtskórinn ásamt kórfólki úr uppsveitum Árnassýslu og Rangárvallasýslu flytja hátíðlega tónlist með einsöngvurum og framúrskarandi hljóðfæraleikurum.

The Öræfi Knitting & Craft Group **Alice Jadwiga Sowa** **400.000 kr.**

The Öræfi Knitting & Craft Group is a local crafting group fostering creativity and inclusivity through cozy craft night meet ups at Cafe Vatnajökull. Our mission is to provide a welcoming space where beginners and experienced crafters alike can come together to learn, grow and share their passion. We are excited to continue to offer a diverse range of workshops and guest artist talks in 2025 with the aim to further enrich our community's knowledge of the craft.



MENNING

SPESSI - Öræfin**Kristín Vala Þrastardóttir****400.000 kr.**

Ljósmyndasýning Spessa "Öræfi" fanga hina hráu fegurð Öræfanna, þar sem hinn brottflutti listamaður kynnist nýju umhverfi, nýju orkusviði Öræfanna og hráum krafti náttúrunnar í gegnum ljósmyndalinsu sína. Á sýningunni gefur að líta ljósmyndir af jöklum og fjallgörðum, fólki og ummerkjum þess. Ljósmyndirnar fanga einveru og ígrundun og leggja áherslu á viðkvæmni og styrk þessara sérstöku, nýju heimaslóða listamannsins.

Nytjar**Kristín Vala Þrastardóttir****400.000 kr.**

Sýning Hönnu Dísar, Steinunnar Mörtu og Guðlaugar Míu á Hornafirði hverfist um safneign Byggðasafns Austur-Skaftafellssýslu þar sem þær sýna ný verk unnin upp úr rannsókn á safnkostinum. Safneign Byggðasafnsins er um margt sérstök þar sem mikill fjöldi safngripa er hannaður og smíðaður af Hornfirðingum og sveitungum sjálfum. Sýningaraskrá vegna sýningarinnar verður lykill að lestri verkanna, en að henni lokin stendur hún eftir sem sjálfstæð heimild um áhugaverða hluta sögu byggðarlagsins.

Hlöðukvöld**Emil Örn Moravek Jóhannsson****400.000 kr.**

Hlöðukvöld er spennandi nýtt verkefni Leikfélags Hornafjarðar sem færir saman fólk á öllum aldri í skapandi umhverfi þar sem sagnalist og handritsgerð blómstra. Í hlýlegu samfélagi Hlöðunnar fá þátttakendur tækifæri til að vinna saman, þróa eigin sögur og njóta faglegrar leiðsagnar. Með þessu eflum við menningarlíf svæðisins og gerum Hlöðuna að lifandi miðpunkti sköpunar og samveru!

Upphaf Vesturheimsferða - 170 ára afmælisráðstefna.**Vestmannaeyjabær****400.000 kr.**

Árið 2025 eru 170 ár frá því að fyrstu Vesturheimsfararnir frá Íslandi settust að í Utah. Af því tilefni heldur Safnahús Vestmannaeyja ráðstefnu 6.–8. júní með fræðimönnum frá Íslandi og Bandaríkjunum. Fjallað verður um fyrstu Vesturfarana, áhrif þeirra á Ísland og tengsl við Utah. Ráðstefnan mun efla þekkingu á þessum sögulega atburði og viðhalda menningararfi Vestmannaeyja.

Cabaret show**Aðalheiður M Gunnarsdóttir****370.000 kr.**

Cabaretsýning með tónlistarnemendum úr Rangárþingi sem og öðrum. Leikur, söngur, dans, veitingar og fleira.

Fiðlan og ég**Kristín Jóh Dudziak Glúmsdóttir****350.000 kr.**

Fiðlan og ég er verkefni Elísabetar Önnu Dudziak fiðluleikara í sumar þar sem hún vinnur að tónleikum sem endurspegla barokk og þjóðlaga tónlist. Spiluð verða í bland þekkt verk þeirra tíma en einnig kynnt ný verk sem líklega fæstir hafa heyrt.

ÚR KLASSÍK Í POPP **Vestmannaeyjabær** **350.000 kr.**

ÚR KLASSÍK Í POPP verða stórtónleikar í Eldheimum á gosloka hátíðinni í sumar.

Á tónleikunum verður flutt Popp tónlist eftir stórstjörnur á við Billy Joel, Led Zeppelin, Bob Dylan og Bítlana. Öll lögin á tónleikunum eiga það sameiginlegt að vera samin undir áhrifum frá stóru tónskáldum fyrri alda s.s. Bach, Beethoven, Tschaiowsky og fleiri. Uppruni lagana verður líka stuttlega rakin. Allt tónlistarfólkið sem fram kemur er frá Vestmannaeyjum.

Sumarsmiður Listasafns Árnesinga **Listasafn Árnesinga** **300.000 kr.**

Listasafn Árnesinga mun bjóða upp á 5 daga langt sumarnámskeið í myndlist fyrir unglunga á aldrinum 12-16 ára á Suðurlandi. Þrjár myndlistarkonur með mismunandi bakgrunna munu leiða námskeiðið og leggja áherslu á fjölbreyttar aðferðir sem hvetja til tilrauna- og sköpunargleði.

Safnið mun einnig bjóða upp á 4 skapandi smiðjur frá maí - ágúst og þar má nefna m.a. keramik smiðja, silkiprykksmiðja, flugdrekasmíðja og teikningu og hönnun.

Langspilsvaka 2025 **Eyjólfur Eyjólfsson** **300.000 kr.**

Langspilsvaka 2025 í Þjórsárveri í Villingaholti er tónlistarhátíð tileinkuð íslenska langspilinu. Langspilsvakan er einnig uppskeruhátíð nemenda í 5. bekk í Flóaskóla, en þetta er fimmti veturinn sem nemendurnir smíða langspil í samvinnu við FabLab á Selfossi undir leiðsögn Eyjólfssonar og Magnúsar Stephensen FabLab-stjóra. Langspilssmíði 5. bekkjar er framhald langspilssmíðaverkefnisins sem hófst árið 2018 og var styrkt af SASS.

Haustsýning LH 2025 **Sævar Logi Ólafsson** **300.000 kr.**

Uppsetning á gamanleikriti sem kitlar hláturtaugarnar og fær áhorfendur til að gleyma amstri hversdagsins og eiga góða kvöldstund í leikhúsinu í Hveragerði.

Raddir unga fólksins **Byggðasafn Árnesinga** **300.000 kr.**

Verkefnið hverfist um sýningu nemenda í grafískri miðlun á verkum sínum sem þau vinna í áfanganum NÝM12GM05 í Fjölbrotaskóla Suðurlands. Verk nemendanna verða efniviður í páskasýningu á Byggðasafni Árnesinga. Um er að ræða samstarf safnsins og FSu. Við sjáum stórkostleg tækifæri í þessu samstarfi og hlökkum til að bjóða þeim þennan vettvang fyrir sín verk og vitum að þetta verður afar dýrmæt reynsla fyrir þau og fróðleg.



MENNING

Hornreka25

Alma Þórisdóttir

300.000 kr

Námskeið í teikningu, vatnslitun og útskurði á Höfn í Hornafirði.

Sýningar verða í lok námskeiða.

Námskeiðið er fyrir alla.

Graffill

Ragnheiður Hrafnkelsdóttir

250.000 kr.

Graffill listahátíð ungs fólks

Sumar og sólskinstónar

Magnea Gunnarsdóttir

250.000 kr.

Sumar og sólskinstónar er viðburðaröð ungra framúrskarandi hljóðfæraleikara sem munu heimsækja heilsustofnanir, elliheimili, leikskóla, veitingastaði og kirkjur með það að markmiði að færa yl og fegurð í hjarta áheyrenda. Um leið eru tónlistarmönnum sköpuð skilyrði til að þróa færni sína og hæfileika á leið sinni til atvinnumennsku í faginu.

Harmonikuhljómsveit F.H.U.H

Snorri Aðalsteinsson

250.000 kr.

Harmonikusveit F.H.U.H (Félag Harmonikuunnenda á Hornafirði og nágrenni) var stofnuð í janúar 2025 hvar framtíðarsýn Harmonikusveitarinnar er að njóta spilamennskunnar, efla menningararf harmonikkutónlistar og efla iðkun harmonikuleiks, með sérstaka áherslu á alla aldurshópa.

Harmonikusveit F.H.U.H mun leika í fyrsta sinn á Landsmóti Sambands íslenskra harmonikuunnenda í júní 2025 á Reyðarfirði. Námskeiðið endar á sýningu.

Kvöldið er fagurt, tónleikaröð

Eyvindartunga ehf

250.000 kr.

Tónleikaröð í Eyvindartungu við Laugarvatn, „Kvöldið er fagurt“.

Reglulegir sumartónleikar á 5 ára afmæli tónleikaraðar er hófst sumarið 2020.

Selló á ferð um Suðurland

Unna Björg Ögmundsdóttir

250.000 kr.

Selló á ferð um Suðurland er verkefni Katrínar Birnu sem felst í því að geta nýtt sumarið í að undirbúa og halda tónleika víðs vegar á Suðurlandi. Í ár er ferðinni haldið á söfn, setur og menningarhús á Suðurlandi. Hlustendur fá tækifæri til að hlusta á tónleika í sinni heimabyggð og kynnast fjölbreyttri tónlist fyrir einleiks selló.



MENNING

Opin vinnustofa, innsýn í vinnuferli

Sonja Margrét Ólafsdóttir

250.000 kr

Opin vinnustofa, innsýn í vinnuferli. Er sýning þar sem tveir sunnlenskir myndlistamenn, Erna Elínbjörg Skúladóttir og Sonja Margrét Ólafsdóttir bjóða gestum inná vinnustofu hjá sér.

Listasmiðja fyrir börn og ungmenni

Guðfinna Þorvaldsdóttir

200.000 kr.

Listasmiðja á Selfossi og Hellu fyrir börn og ungmenni, áhersla á umhverfisvitund í efnisvali.

Fjölskyldutónleikar - Með fuglum að vori

Bakkastofa ehf.

200.000 kr.

Fjölskyldutónleikar um páskana með lögum lög Valgeirs Guðjónssonar við ljóð Jóhannesar úr Kötlum - Með lifandi kynningum á milli laga um háttsemi og lífsskilyrði fugla í náttúrunni myndast frjótt og fræðandi samspil við áheyrendur.

Nokkur lítil leyndarmál

Sævar Logi Ólafsson

200.000 kr.

Verkefnið felur í sér uppsetningu á leikhússýningu sem samanstendur af nokkrum stuttverkum eftir mismunandi höfundum. Öll verkin eiga það sameiginlegt að fjalla á einhvern hátt um leyndarmál – hvort sem þau eru myndin, dramatísk, spennandi eða óvænt. Leyndarmál verða þannig rauði þráðurinn sem tengir saman ólík verk og skapar heildstæða kvölddagskrá fyrir áhorfendur.